



Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudaginn 3. september 2019



Fjórði fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þriðjudaginn 3. september 2019 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Jón Viðar Stefánsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 6 mánaða uppgjör
AP kynnti 6 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. A landslið kvenna
RG kynnti stöðu á ráðningu aðstoðarfólks með Arnari. Stefnt að er að því að ljúka þeirri vinnu í næstu viku.
 - b. Þjálfarar yngri landsliða
RG kynnti stöðu á ráðningum á yngri landsliðs þjálfurum. RG og Gunnar M. eru í þeim viðræðum og eru landsliðsnefndirnar upplýstar um stöðu mála.
 - c. Viðburðardagatal haustsins
RG minnti á þá viðburði sem framundan eru í september í hreyfingunni.
4. Skipan nefnda
Stjórn HSÍ samþykkti neðangreindar tillögur um skipun í nefndir.

Mótanefnd

Kristín Þórðardóttir
Pálmi Harðarson
Ágúst Karl Karlsson
Þórarinn Þórarinsson
Hjalti Þór Hreinsson

Strandhandboltanefnd

Daði Hafþórsson
Haraldur Þorvarðarson
Hannes Sigurðsson
Daníel Berg Grétarsson

Fræðslunefnd

Magnús Karl Daníelsson
Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson

Markaðsnefnd

Jón Viðar Stefánsson
Sigmar Vilhjálmsson

Landsliðsnefnd karla

Páll Þórólfsson
Gunnar Andrésson
Markús Máni Michaelsson Maute

Landsliðsnefnd kvenna

Guðríður Guðjónsdóttir
Ásta Björk
Brynja
Halldóra Ingvarsdóttir
Margrét

Dómaranefnd

Reynir Stefánsson
Kristján Gaukur Kristjánsson
Gísli Hlynur Jóhannsson
Kristín Aðalsteinsdóttir

5. Breytingar á reglugerðum – formannafundur

RG kynnti breytingar á reglugerðum um agamál, félagaskipti og handknattleiksmót. Stjórn samþykkti samhljóða breytingarnar sem kynntar verða á formannafundi. Þá samþykkt stjórn HSÍ einnig breytingu á starfsreglum nefnda um að lágmarks fjöldi í nefnd væru 3.

6. Bréf frá EHF varðandi Laugardalshöll

GBÓ kynnti stöðu mála varðandi Laugardalshöll og erindi sem barst frá EHF varðandi stöðu mála. Ljóst er að málið er grafalvarlegt og þolinmæði EHF minnkar með hverjum deginum.

7. Gjaldskrá dómara

RG og AP hafa verið í viðræðum við dómara um nýja gjaldskrá. Niðurstaða viðræðnanna var 4% hækkun á ári til þriggja ára. Niðurstöðurnar verða kynntar fyrir félögunum á formannafundi.

8. Önnur mál

a. Heiðursmerki Þróttar

RG kynnti tillögu Þróttar að heiðursmerkjum vegna 70 ára afmæli Þróttar. Tillagan var samþykkt.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 2. október kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari